

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Norðurþing  
Ketilsbraut 9  
640 Húsavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 9. febrúar 2016  
UST201601-121/K.S.J.  
10.04.03

**Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi athafnasvæðis og hafnarsvæðis á Húsavík.**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 13. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir athafnasvæði og hafnarsvæði á Húsavík.

Í ofangreindri lýsingu kemur fram að Sveitarfélagið Norðurþing fyrirhugar að deiliskipuleggja skilgreint athafnasvæði í suðurfjöru og samtengt hafnarsvæði skv. gildandi aðalskipulagi. Umhverfisstofnun tekur undir það að deiliskipulagstillagan fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.


**Umhverfisáhrif**

Þar sem ætlunin er að framkvæma landfyllingar við suðurfjöru telur Umhverfisstofnun mikilvægt að við hönnun landfyllinga og grjótgardar verði tekið tillit til hækkunar sjávar af völdum loftslagsbreytinga.

Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að í umfjöllun um náttúrufar komi fram sem gleggstar upplýsingar um ástand fjöru og lífríkis þar og á svæðinu sem áætlað er að fylla upp og þau áhrif sem framkvæmdin mun hafa á svæðið.

Umhverfisstofnun gerir ekki aðrar athugasemdir við ofangreinda lýsingu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur